

Kynningarferð með styrkþega Norrænu eldfjallastöðvarinnar sumarið 1974

Halldór Ólafsson

Suðurbraut 2, 220 Hafnarfjörður, hallo@hi.is

Norræna eldfjallastöðin var sett á laggirnar á haustdögum 1973 með fámennu starfslíði. Um sumarið hafði dr. Guðmundur Ernir Sigvaldason jarðefnafræðingur verið ráðinn forstöðumaður, en hann var þá starfandi í Mið-Ameríku á vegum Sameinuðu þjóðanna. Þetta sumar voru fengnir tveir ungir jarðfræðingar, Páll Imsland og Guðbjartur Kristófersson, til að safna bergsýnum af hálendi Íslands sem nokkurskonar undirstöðu fyrir væntanlegar rannsóknir. Guðmundur kom til starfa í október en Halldór Ólafsson rennismiður var ráðinn tækniamaður 1. nóvember. Um svipað leyti var Níels Óskarsson trésmiður ráðinn til starfa, en hann hafði áður verið ráðinn tækniamaður til Raunvísindastofnunar Háskólans og búinn að vinna þar nokkur ár undir handleiðslu Guðmundar Sigvaldasonar. Það var svo ekki fyrr en 10. október 1974 sem Norræna eldfjallastöðin var opnuð formlega með fullskipuðu starfslíði og styrkþegum.

Fyrstu erlendu styrkþegarnir komu til landsins í byrjun júní 1974 fyrir utan Ellen Sigmond sem kom með manni sínum, Guðmundi Sigvaldasyni, haustið 1973. Fljótlega eftir að erlendu styrkþegarnir voru búnir að koma sér fyrir, var hafist handa við undirbúning ferðar til kynningar á jarðfræði Íslands og þar með væntanlegum starfvettvangi þeirra að hluta til. Haustið 1973 hafði verið keyptur langur Land-Rover jeppi fyrir starfsemi stofnunarinnar og skyldi hann notaður í ferðalagið ásamt rússajappa sem Raunvísindastofnun Háskólans léði til fararinnar. Jeppa Raunvísindastofnunar ók nýráðinn tækniamaður hennar, Ævar Jóhannesson trésmiður, ljósmyndari og sjálfmenntaður rafeindafræðingur. Aðrir þátttakendur í þessari fyrstu kynningarferð stofnunarinnar voru Guðmundur forstöðumaður, Karl Grönvold jarðfræðingur

og sérfræðingur á stofnuninni, Níels Óskarsson tækniamaður, nemi í jarðfræði og styrkþegarnir Ellen Sigmond og Tore Prestvik frá Noregi, Jörgen G. Larsen frá Danmörku og Íslendingurinn Páll Imsland. Svíinn Karlsson, sem var gestkomandi á stofnuninni, kom einnig með ásamt Jan Kribek jarðfræðingi frá Tékkóslóvakíu, en hann hafði fengið starfsaðstöðu hjá Norrænu eldfjallastöðinni. Halldór var ökumaður á stofnunarbílnum.

Ákveðið var að fara hringveginn austur og um nýju brýrnar á Skeiðarársandi þó ekki væri búið að opna þær formlega. Síðan var meiningin að fara allan hringveginn með smá útúrdúrum og taka stóran krók suður til Kverkfjalla. Lagt var af stað kl.10 árdegis þriðjudaginn 18. júní frá Atvinnudeildarhúsi Háskólans sem nú hafði hlotið nafnið „Jarðfræðahús Háskóla Íslands“ eftir gagngerar lagfæringar. Veður var heldur þungubúið og gekk á með þéttum skúrum meðan ekið var austur á bóginn. Fyrsta var stoppað við Tröllabolla í hrauninu skammt vestan Lækjarbotna. Þetta eru hraundryli (hornitos) sem myndast þegar gas brýst upp í gegnum nýrunnið hraun. Síðan var stansað í Hveragerði og beðið eftir gosi í Grýtu áður en haldið var af stað að nýju. Við Seljalandsfoss var tekið upp nesti og síðan var umhverfið skoðað og myndað af miklum mót. Ekki varð farið framhjá Skógafossi án þess að hann væri einnig skoðaður og myndaður. Við eystri sporð Hólmsárbrúar var dvalið allengi til að skoða fallett öskulagasnið sem er með óvenju mörgum gjóskulögum. Komið var að kvöldmat þegar rennt var í hlað á Kirkjubæjarklaustri þar sem sest var að snæðingi á hótelinu. Að lokinni góðri máltíð var haldið rակleitt austur í Öreafi en er austur fyrir Lómagnúp kom, var ekið inn í steypiregn í stafalogni, sem varði